



VELKOMIN Á UPPLÝSINGAFUND REKTORS HÁSKÓLA ÍSLANDS

FUNDURINN ER Í BEINNI ÚTSENDINGU OG HEFST KLUKKAN 11.00

KOMA MÁ SPURNINGUM Á FRAMFÆRI MEÐ ÞVÍ AÐ NOTAST VIÐ Q&A FLIPA Á FUNDINUM



NÝLIÐNIR VIÐBURÐIR





90 ÁRA AFMÆLI VIGDÍ SAR FINNBOGADÓTTUR 15. APRÍL



JONHARD MIKKELSEN, FYRSTI HANDHAFI NÝRRA VIGDÍSARVERÐLAUNA

- Í tilefni af 90 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrv. forseta Íslands, og 80 ára afmæli Margrétar Danadrottningar, hefur verið stofnað þverfræðilegt danskt-íslenskt rannsóknasetur um hafið, loftslag og samfélag
- Stofnframlag frá Carlsberg-sjóðnum (500 m.kr.), íslenska ríkinu (140 m.kr.) og Rannsóknasjóði (100 m.kr.)
- Aðsetur rannsóknasetursins verður við Kaupmannahafnarháskóla og Háskóla Íslands



TILKYNNT UM STOFNUN DANSK-ÍSLENSKS RANNSÓKNASETURS



STEFÁN HRAFN JÓNSSON RÁÐINN NÝR FORSETI FÉLAGSVÍSINDASVIÐS FRÁ 1. JÚLÍ



COVID-19



- Neyðarstjórn Háskóla Íslands hefur verið virk frá febrúar
- Gerð var viðbragðsáætlun og hefur henni verið fylgt
- Neyðarstjórn fundaði framan af 5 sinnum í viku en nú 1-2 sinni vikulega
- Upplýsingamiðlun til starfsfólks og nemenda skólans:
 - Tengill á sérstaka COVID-19 síðu á forsíðu hi.is: <https://www.hi.is/covid>
 - Allar upplýsingar á íslensku og ensku
 - Rektor sendir starfsfólki og stúdentum upplýsingapóst reglulega
 - Nýjar upplýsingar settar inn um leið og þær liggja fyrir




NEYÐARSTJÓRN HÁSKÓLA ÍSLANDS



- Neyðarstigi lýst yfir 6. mars – námskynning á Akureyri blásin af 7. mars
- Samkomubann sett á 16. mars – engin kennsla í húsakynnum HÍ
 - Búið var að undirbúa rafræna kennslu skv. viðbragðsáætlun – unnið náíð með fræðasviðum, deildum og kennurum
 - Lagt upp með að ljúka misserinu og námsmati með eins eðlilegum hætti og hægt er
 - Vikan 9.-13. mars fór í að undirbúa að öll kennsla yrði rafræn
 - Vikan 16.-20. mars fór í að tryggja að öll kennsla í skólanum gengi upp á rafrænan hátt í öllum deildum og fræðasviðum
 - Vikunni 23.-30. mars varið í að útfæra námsmat



- 
- Óhjákvæmilegt að endurskoðað námsmat sé að einhverju leyti breytilegt eftir námskeiðum enda aðstæður ólíkar, t.d. hvað varðar verklegt nám, símat, vægi lokaprófa og eðli námsefnis
 - Kennarar velja þá leið í námsmati sem best hentar hverju námskeiði innan setts ramma
 - Á meðal úrræða eru t.d. heimapróf, rafræn próf í Inspira, verkefni og ritgerðir. Mörg af þessum úrræðum verða framkvæmd á sama tíma og auglýst próf á próftöflu
 - Markmiðið að eyða óvissu sem er íþyngjandi fyrir nemendur skólans

NÁMSMAT



- Markmið: Kennsla og námsmat með eins eðlilegum hætti og unnt er og að tryggja gæði
- Á sama tíma verði áhrif þess ef nemi ná ekki fullnægjandi árangri á vorprófum milduð:
 - Reglur um tvífall gilda ekki vegna vormisseris 2020
 - Nemendur sem standast námsmat í námskeiði geta sótt um að fá birtri lokaeinkunn breytt í „staðið án einkunnar“
 - Sérreglur einstakra deilda um að nemendur þurfi að ná lágmarkseinkunn í lokaprófi námskeiðs þar sem það er einn af matsþáttum (á móti hlutaprófum, ritgerðum o.s.frv.) munu ekki gilda á vormisseri 2020. Vegið meðaltal allra námsmatsþátta gildir þá sem lokaeinkunn
 - Tryggt verður að nemendur geti þeytt þau sjúkra- og endurtökupróf sem reglur HÍ kveða á um vegna vormisseris 2020 og haustmisseris 2019
- Frestur til að skrá sig í námskeið á næsta haustmisseri framlengdur til dagsins í dag
- Skilafrestur á lokaritgerðum framlengdur um eina viku





- Frestur til að skrá sig í framhaldsnám framlengdur til 20. maí
- Fjarkynningar á framhaldsnámi:
 - Félagsvísindasvið 15. apríl
 - Heilbrigðisvísindasvið 16. apríl
 - Hugvísindasvið 17. og 22. apríl
 - Menntavísindasvið 20. apríl
 - Verkfræði- og náttúruvísindasvið 21. apríl
- Frestur til að skrá sig í grunnnám framlengdur til 15. júní
- Unnið að undirbúningi fjarkynningar á grunnnámi



SKRÁNINGARFRESTIR OG FJARKYNNINGAR

- Starfsemi skólans haldið gangandi með það að leiðarljósi að lágmarka smithættu
- Stjórnsýslueiningar nýta skiptifyrirkomulag þannig að hluti hópa vinnur heima hverju sinni
- Stjórnendur funda reglulega með starfsfólki
- Fundir í deildum og fræðasviðum rafrænir
- Sérfræðingar HÍ og nemendur mjög virkir í að takast á við vágestinn – sérstök umfjöllun í fréttabréfi Háskólavina 2. apríl sl.

STARFSEMIN



D-19 faraldurinn á Ísland

frá Háskóla Íslands, Embætti
n um líklega þróun COVID-19
ti nýst við ályðningu um
spj



SPÁLÍKAN HÁSKÓLA ÍSLANDS UM ÞRÓUN COVID-19-FARALDURSINS



Þórólfur



Alma



Rýnt í faraldur – spálíkan um COV

• Sóttvarnalæknir kallaði til liðs vísindamer

Landlæknis og Landspítala til að gera spá

sem

samfélagsleg viðbrögð og skipulag heil



- Vísindamenn HÍ eru í samstarfi við Embætti landlæknis og sóttvarnalækni að undirbúa vísindarannsóknina *Líðan þjóðar á tímum COVID-19*
- Markmiðið að afla sem mestrar þekkingar á áhrifum faraldursins á líðan og lífsgæði landsmanna til þess m.a. að geta í framtíðinni brugðist enn betur við áhrifum samfélagslegra áfalla
- Að rannsókninni stendur reyndur hópur vísindamanna undir forystu Unnar Önnu Valdimarsdóttur, prófessors við Læknadeild Háskóla Íslands
- Rannsóknin er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni og er opin öllum einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa rafræn skilríki – opnuð innan fárra daga



LÍÐAN ÞJÓÐAR Á TÍMUM COVID-19



HEILSA OG VELLÍÐAN STARFSFÓLKS OG NEMENDA





- Starfsmannasvið hefur gripið til fjölmargra aðgerða sem snúa að starfsfólki skólans:
 - Skipuleg fræðsla til starfsfólks
 - Upplýsingar til stjórnenda, m.a. um fjarvinnu, sem snýr m.a. að tæknilegum lausnum en ekki síður að stjórnun í fjarvinnu
 - Sérstakt svæði á Uglu – vinnan á tímum COVID-19 – uppfært 1-2 sinnum í viku
 - Samningur við Auðnast sem veitir starfsfólki HÍ heilsuverndar- og trúnaðarlæknisþjónustu, m.a. í boði fyrir starfsfólk sem finnur fyrir vanlíðan og kvíða
 - 15 mínútna fjarfundarviðtöl vegna Covid-19
 - Hádegisleikfimi Guðbjargar Finnsdóttur. Áhugasamir sendi póst á gfit@gfit.is



HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI - STARFSFÓLK



- Úrræðum Náms- og starfsráðgjafar fjölgað
- Sálfræðiráðgjöf sálfræðinema aukin
- Hugrún, geðfræðsluráðgjöf, <https://gedfraedsla.is/>, hefur aukið þjónustu sína
- Aðstoð og þjónusta kennara og skrifstofa fræðasviða gagnvart nemendum ómetanleg





- Samráðshópur virkjaður um heilsu og vellíðan starfsfólks og stúdenta sem hefur að markmiði að huga enn betur að heilsu, vellíðan og virkni stúdenta og starfsfólks HÍ á óvissutímum með öllum tiltækum ráðum
- Aukinn stuðningur við stjórnendur m.a. með Teamsfundi/námskeiði fljótlega þar sem farið verður yfir hagnýt ráð og „góðum dæmum“ deilt
- Hugað sérstaklega að því að léttu álagi af fólki þar sem álagið er mikið og virkja aðra sem hafa minna að gera
- Fræðsla til starfsfólks áfram á fjarfundum
- Sendið ábendingar um hvað við getum gert betur og hvað hefur virkað vel á rektor@hi.is



HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI - AÐGERÐIR Í UNDIRBÚNINGI



- Heilbrigðisráðherra hefur framlengt samkomubanni til 4. maí. Í framhaldinu er stefnt að afléttingu í skrefum
- Mikilvægt að fylgja áfram varúðarreglum, s.s. um handþvott, þrif og 2 metra regluna
- Áfram verði skipt í vaktir í hópvinnum
- Ýmis atriði og útfærsla er í skoðun, s.s.
 - Lesaðstaða fyrir nemendur
 - Sumarnám
 - Sumarstörf fyrir nemendur
 - Skipulag starfseminnar á komandi haustmisseri



HORFT FRAM Á VEGINN



- Fyrirsjáanlegt að atvinnuleysi verði mikið á komandi mánuðum
- Til að draga úr neikvæðum áhrifum atvinnuleysis gæti HÍ mögulega tekið við stórum hópi nemenda sem verður fyrir atvinnumissi
- Þrátt fyrir aukið álag sem slík aðgerð hefði í för með sér má ætla að HÍ gæti, með stuðningi stjórnvalda, tekið við fleiri nemendum ef nauðsyn krefði
- Jákvæð áhrif af slíkri aðgerð fyrir samfélagið gætu orðið veruleg



LÍKLEG FJÖLGUN NEMENDA

- Huga þarf m.a. að eftirfarandi atriðum:
 - Álagið sem mun myndast hafi sem minnst neikvæð áhrif á starfsemina
 - Stöðunni sé mætt á þann hátt sem samræmist þörfum skólans, fræðasviða og deilda
 - Námið mæti þörfum þeirra nemenda sem von er á
 - Úrræðin sem boðið verði upp á nýtist íslensku samfélagi sem best
- Skoða þarf t.d.:
 - Hvernig skipuleggja ætti undirbúning þannig að nýnemar, sem hugsanlega hafa ekki verið í námi um nokkurt skeið, ættu auðveldara með að hefja nám
 - Hvort setja ætti upp vefnámskeið nú í vor og sumar til undirbúnings námsins



LÍKLEG FJÖLGUN NEMENDA



FRÁ FRÆÐASVIÐUNUM





- Félagsvísindastofnun HÍ hefur kannað afstöðu Íslendinga til ýmissa mála tengdum Covid-19 faraldrinum. Dagleg könnun send 400 meðlimum netpanels til að greina hvernig afstaða Íslendinga breytist með tímanum. Skoða má niðurstöður eftir dögum á vef stofnunarinnar. Einnig hægt að skoða niðurstöður eftir nokkrum bakgrunnspáttum, s.s. kyni, aldri og menntun
- Samvinna Félagssráðgjafardeildar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um sjálfbóðastarf 35 félagssráðgjafarnema fyrir viðkvæma hópa í verkefninu „Spjöllum saman“ vegna Covid-19
- Námsbraut í safnafræði hélt tvo netfundi fyrir starfsfólk safna til að ræða ástandið og veita ráð. Á fundunum var rætt um úrræði sem söfn hafa og áskoranir sem söfn standa frammi fyrir þegar kemur að möguleikum á að byggja upp safnkost sinn um þessa tíma, áhrif þess á líf fólks og samfélag
- Sigurjón B. Hafsteinsson, prófessor í safnafræðum, fjallaði um tilurð nýútkominnar bókar í ritstjórn hans, Saga listasafna á Íslandi, á Zoom fundi 8. apríl. Fundurinn var vel sóttur og voru góðar umræður



- HVS aðstoðar smitakningarteymi Almanna- og sóttvarnalækni vegna COVID-19. Nemendur hafa hringt 2.000 símtöl til fólks í sóttkví – brýnt samfélagsverkefni og námstækifæri
- 40 meistaranemar í klínískri sálfræði sinna ráðgjöf vegna COVID-19 undir handleiðslu kennara
- Spálíkan Tölfræðiráðgjafar HVS, undir stjórn Thors Aspelund og Brynjólfs Gauta Jónssonar, um útbreiðslu COVID-19
- Forathugun nýbyggingar HVS í fullum gangi. Áformað að húsið verið risið 2025 samhliða endurskipulagningu Læknagarðs
- Mikil aukning á notkun prófakerfisins Inspira og þátttaka kennara í námskeiðum í upplýsingatækni og kennsluþróun
- Rík áhersla á HVS á þverfræðilegt samstarf. Sviðið er m.a. aðili að Global Confederation for Interprofessional Education & Collaborative Practice in Health professions
- Heilbrigðisvísindastofnun hefur tekið þátt í landskönnun á mataræði Íslendinga



HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



- Færeyski málvísindamaðurinn og bókaútgefandinn Jonhard Mikkelsen hlaut fyrstu Vigdísarverðlaunin fyrir frábært framlag sitt til orðabókarstarfs og útgáfu þýddra bóka á færeysku
- Úthlutað var í fyrsta sinn úr Menntasjóði Hugvísindasviðs 13. mars
 - Sjóðurinn er myndaður með samruna nokkurra minningarsjóða tengdum fræðigreinum í hugvísindum
 - Sjóðnum er ætlað að styrkja doktorsnema við deildir HUG sem eru á lokastigum náms
 - Styrkþegar: Carmen Quintana Cocolina (Mála- og menningardeild), Joe Wallace Walser III (Sagnfræði- og heimspekideild) og Katelin Marit Parsons (Íslensku- og menningardeild)



HUGVÍSINDASVIÐ



- Bakhjarl.menntamidja.is – ný heimasíða til að styðja við skóla- og frístundastarf á tímum samkomubanns. Hagnýtar greinar og hollráð fyrir foreldra og fagfólk um nám, líðan og velferð barna og fjölskyldna
- Heimilin og háskólinn – foreldrafræðsla á netinu skipulögð í samstarfi við Heimili og skóla. Fjallað um samstarf heimila og skóla, líðan og geðheilsu foreldra, samveru með leikskólabörnum, leik og lærdóm, framhaldskólanemann og svefn og heilsu. Um 250-300 manns hafa tekið þátt
- Næsti viðburður þriðjudaginn 21. apríl kl. 15: Language learning during Covid-19 times. Fræðsla á ensku ætluð foreldum og kennurum erlendra barna
- Menntabúðir á neti um fjarkennslu og upplýsingatækni. Á þriðja hundrað manns tóku þátt í tveimur viðburðunum sem voru haldnir í samstarfi við HA, Reykjavíkurborg, Menntamálastofnun, Kennarasamband Íslands o.fl. stofnanir
- Broddflugan – nýr samfélagssjóður nemenda MVS. Umsóknarfrestur framlengdur til 15. maí. Verkefni þurfa að lúta að umbótum á sviðum uppeldis- og menntunar. Skilyrði að umsækjendur vinni í teymum, að lágmarki 4



- Málþing til heiðurs Gísla Má Gíslasyni haldið 28. febrúar
- Brynhildur Davíðsdóttir skipuð í ráðgjafaráð skosku heimastjórarinnar í efnahagsmálum
- Vísindamenn Jarðvísindastofnunar og starfsfólk Jarðvísindadeildar minntist þess að 10 ár eru liðin frá eldsumbrotunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli
- Sæmundur Ari Halldórsson, fræðimaður við Jarðvísindastofnun HÍ, og Andri Stefánsson, prófessor við Jarðvísindadeild, eru á meðal höfunda á grein í Nature sem varpar nýju ljósi á uppruna köfnunarefnis á jörðinni
- Málstofa Verkfræðistofnunar „Frá ofurtölvum til FAIR gagna“ haldin 17. apríl
- Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, flutti fyrirlestur um jarðfræði Íslands í beinni útsendingu á FB-síðunni Iceland Naturally í samstarfi við Aðalræðisskrifstofu Íslands í New York





FRAMUNDAN



- 
- Kjör þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð 1.7.2020-30.6.2022
 - Rafræn kosning
 - Auglýst eftir framboðum og tilnefningum þremur vikum fyrir þingið



RAFRÆNT HÁSKÓLAÞING 5. JÚNÍ 2020

WELKOMIN Í SKÓLA ÍSLANDS



BRAUTSKRÁNING KANDÍDATA Í JÚNÍ - MEÐ BREYTTU SNIÐI





BRAUTSKRÁNING KANDÍDATA Í JÚNÍ - MEÐ BREYTTU SNIÐI



- Ársfundi Háskóla Íslands frestað til hausts
- Háskóli unga fólksins fellur niður í vor
- Háskólalestinni frestað a.m.k. til hausts
- Fundaröðin Háskólinn og heimsmarkmiðin tekin aftur upp í haust
- Ýmsum ráðstefnum, s.s. Hugvísindapingi, frestað til hausts
- Heimsókn ytri matshóps vegna úttektar á Háskóla Íslands frestað til 6.-8. okt.



NOKKRIR AÐRIR VIÐBURÐIR

